

Samþykkt um vinnuskóla í Svalbarðsstrandarheppi

Markmið og hlutverk

1. gr.

Vinnuskóli Svalbarðsstrandarhepps hefur að leiðarljósi að skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglunga á aldrinum 14 – 16 ára (nemendur sem lokið hafa 8. – 10. bekk). Vinnuskólinn reynir að hafa sumarstörfin eins fjölbreytt og frekast er unnt, en fyrst og fremst er um að ræða umhverfisverkefni af ýmsum toga s. s. slátt og hirðingu lóða og lendna, hreinsun rusls af vegsvæðum og víðar o. s. frv. Í starfi skólans skal leitast við að unglungarnir kynnist þeim skyldum, sem því fylgir að taka þátt í atvinnulífi og gera þá þannig hæfari til starfa á almennum vinnumarkaði. Þeim skal kennd notkun þeirra verkfæra, sem nauðsynleg eru og notast við þau verkefni, sem á hverjum tíma er unnið að. Þannig öðlist unglungarnir reynslu af verklegum störfum, sem að gagni getur komið síðar meir.

Verkefni

2. gr.

Verkefni eru í meginatriðum þau sem um er getið í 1. gr. Vinnutíma getur þurft að takmarka miðað við fjölda umsækjenda hverju sinni og fyrirbyggjandi verkefni. Svalbarðsstrandarheppur áskilur sér rétt til að fella niður vinnu ef verkefni skortir. Leitast skal við að tilkynna slíkt með fyrirvara.

Vinnutími

3. gr.

Vinnutími er að hámarki eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 426/1999, um vinnu barna og unglunga. Sveitarstjóri í samráði við flokksstjóri taka í sameiningu ákvörðun um vinnutíma unglunganna. Settar skulu sérstakar reglur um hegðun og framkomu, mætingu, tilkynningu forfalla/veikinda og umsóknir um leyfi, sem taki mið af því sem gengur og gerist á almennum vinnumarkaði, eftir því sem við getur átt. Verði misbrestur á veitir flokksstjóri nemandanum aðvörun og lætur forráðamenn tafarlaust vita.

Fræðsla og frístundastarf

4. gr.

Á starfstíma Vinnuskólans fá nemendur þrjú fræðsludaga eftir því sem við verður komið. Um gæti verið er að ræða fræðslu um umhverfismál og endurvinnslu, fræðslu um atvinnumál og réttindi og skyldur á vinnumarkaði, skyndihjálp og kynning á hættunni af vímuefnaneyslu. Einnig verður boðið upp á sameiginlega afþreyingu a.m.k. tvisvar á starfstíma skólans.

Starfsfólk

5. gr.

Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhepps er umsjónarmaður Vinnuskólans eða felur starfsmanni sveitarfélagsins umsjón með starfinu. Sveitarstjóri ræður flokksstjóra.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á að Vinnuskólinn sé kynntur fyrir unglíngum í 8., 9. og 10. bekk grunnskólans og forráðamönnum þeirra, bæði með auglýsingum og kynningu í skólanum.

Sveitarstjóri og umsjónarmaður taka sameiginlega ákvörðun um verkefni hvers sumars.

Skipulag

6. gr.

Flokksstjórinn stjórnar daglegu starfi. Hann gætir þess að unglíngarnir hafi verkefni við hæfi og reynir að sjá til þess að þau séu eins fjölbreytt og mögulegt er. Flokksstjórinn skal vera unglíngunum til fyrimyndar í framkomu, sýnir þeim háttvísi og virðingu og krefst þess sama af þeim. Hann tekur þátt í vinnu þeirra eftir því sem honum er unnt, leiðbeinir þeim um verklag og beitingu áhalda. Flokksstjóri leggur skipulag sumarsins fyrir sveitarstjóra áður en starfið byrjar og skýrir honum frá starfinu að hausti.

*Samþykkt á 12. fundi sveitarsjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 2010-2014,
þann 12. apríl 2011*